

Fréttir

DV

Hver gefur út heilbrigðisvottorð á Gunnarsholti?

Ég, undirritaður, leyfi mér hér með að gera stutta athugasemd við ummæli forstöðumanns Gæsluvistarhælisins að Gunnarsholti, Þorsteins Sigfússonar, í DV hinn 4. júlí sl.

Málið er mér m.a. skylt af þeirri ástæðu að snemma í vor komu nokkrir fyrrverandi vistmenn hælisins að máli við mig og fóru fram á aðstoð við samningu greinargerðar með beiðni um rannsókn á rekstri og starfsemi gæsluvistarhælisins.

Ég varð við þessari beiðni og tek því að mínu leyti á mig alla höfundarábyrgð á þeirri skýrslu er hratt af stað þeirri rannsókn er nú stendur yfir og greint var frá í ríkissjónvarpinu hinn 3. júlí sl. og í DV daginn eftir.

Hvað svo sem verða kann, úr því sem nú er komið, þá var það ekki, og er ekki enn, hugmynd mín að ræða umrædda skýrslu opinberlega í smáatriðum. Ég get þó ekki látið því ómótmælt þegar forstöðumaður hælisins lætur hafa eftir sér órókstuddar dylgjur um skjólstaðinga mína.

Orðrétt segir í DV og er haft eftir forstöðumanninum innan tilvísunarmerkja:

„Ég tel að þetta sé komið frá fólki sem hefur verið vísað héðan vegna

siendurtekinna brota á heimilisreglum. Þetta er mjög veikt fólk.“

Ég er að vísu ekki lækisfróður maður frekar en Þorsteinn Sigfússon en ég leyfi mér þó að fullyrða að þrátt fyrir langvarandi vímuefnavandamál eru þessir menn í dag jafn andlega heilbrigðir og almennt gerist um fólk, hvort heldur er í Reykjavík eða austur á Rangárvöllum.

Ég ætlast ekki til þess að Þorsteinn fari sjálfur að rökstyðja ofangreint lækisfræðilegt álit sitt en óneitanlega væri fróðlegt að fá mat þeirra lækna, sem með vistmenn hafa að gera, á álitgerð Þorsteins.

Hins ætlast ég til að forstöðumaðurinn skýri nánar hvenær umræddum mönnum var vísað af Gunnarsholti og í hverju hin siendurteknu brot þeirra á heimilisreglum lágu.

Eins og áður sagði ætla ég ekki, að svo komnu máli, að ræða skýrslu skjólstaðinga minna í smáatriðum. Þó mega Þorsteinn Sigfússon, og fleiri er málið varðar, vita að þeir höfðu margt að segja er ég lét ekki koma fram í skýrslunni. Bæði af þeirri ástæðu að mér fannst nóg að gert í bili og eins af hinu að oft er erfitt að henda reiður á orðum manna í einkasamtölum,

persónulegu viðhorfi þeirra og mati, og þá betra að van sé sagt en of.

Þessa viðhorfs míns nutu Þorsteinn og fleiri í umræddri greinargerð. Þegar menn hins vegar rjúka upp með dylgjur og óþverraskap í opinberum fjölmiðli njóta þeir að sjálfsögðu ekki þeirra fríðinda lengur að erfitt sé að herma upp á þá.

Það er skýlaus og óafturkallanleg krafa mín og skjólstaðinga minna að forstöðumaður Gæsluvistarhælisins að Gunnarsholti rökstyðji á hreinskilinn og heiðarlegan hátt ofanritaða umsögn sína um þá eða éti hana ofan í sig, skítuga eins og hún er, og verði af ennþá minni en hann áður var.

Ég vil að lokum geta þess að ég hef í dag skrifað Skrifstofu Ríkisspítalanna og beðið um upplýsingar um hvort og þá hvenær einhver skjólstaðinga minna hefur verið rekinn af Gæsluvistarhælinu að Gunnarsholti og sé svo þá fyrir hvaða brot. Að fengnu því svari mun ég sjálfur, með samþykki skjólstaðinga minna, upplýsa málið, verði Þorsteinn Sigfússon ekki maður til þess.

Reykjavík 5. júlí 1990
Hafsteinn Einarsson lögfræðingur

Útför Karls Jóhanns Ólafssonar framkvæmdastjóra, Brúalandi 19, fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 10. júlí kl. 15.

Bergur Atlason er látinn. Útför hans verður gerð frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 7. júlí kl. 14. Minningarathöfn fer fram í Langholtskirkju þriðjudaginn 10. júlí.

Bjarnheiður S. Danielsdóttir frá Auðunsholti, Grindavík, Hamrahlíð 17, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Grindavíkurkirkju laugardaginn 7. júlí kl. 14.

Kristín Ögmundsdóttir frá Syðri-Reykjum, til heimilis á sambýlinu Sjólbaut 1a, Kópavogi, sem lést í Landspítalanum sunnudaginn 24. júní, verður jarðsett frá Langholtskirkju mánudaginn 9. júlí kl. 15.

Tilkynningar

Frá Félagi eldri borgara

Farið verður í haustferðir sem hér segir: Mallorca, 6 vikur, 19. sept. Mallorca, 4 vikur, 5. okt. Portúgal, 3 vikur, 5. sept. Benidorm, 3 vikur, 11. okt. Flórída, 3 vikur, 11. okt., 20. nóv. og 11. des. Allar nánari upplýsingar á skrifstofunni, sími 28812.

Leiðrétting vegna

hjálpastarfs Ananda Marga

Miðvikudaginn 4. júlí misritaðist númer á tékkareikningi hjálpastarfs Ananda Marga þar sem tekið er á móti fjárframlögum. Rétt númer á tékkareikningnum í miðbæjarútibú Búnaðarbankans, Laugavegi 3, er 180 en ekki 189 eins og sagt var.

Nýtt rit um upplýsingamál

Nýlega kom út ritið Upplýsingar eru auðlind. Að útgáfunni stendur samstarfsnefnd um upplýsingamál sem skipuð er af menntamálaráðherra og hefur starfað síðan 1979. Í bókinni, sem er 300 blaðsíður, eru 24 greinar eftir 17 höfundum: háskólakennara, bókaverði og sérfræðinga á ýmsum sviðum upplýsingatækni og upplýsingamiðlunar. Meðal efnis má nefna eftirfarandi: Löggjöf og skipulagsmál á sviði upplýsingamála hérlandis; Skipulagsmál annars staðar á Norðurlöndum og atbeini Evrópuandalagsins á upplýsingasviðinu; Upplýsingatækni og nýting hennar. Staðlar: Fjarskipta- og upplýsinganet; Gagnaflutningar; Menntun og rannsóknir á sviði upplýsingamála; Bókasöfn, skjalasöfn og aðrar stofnanir sem geyma gögn; Varnaraðgerðir gegn hrörnun og eyðileggingu pappirs; Uppbygging íslenskra bókafræðigagnasafna; Hlutur einkaaðila í upplýsingastarfsemi; Nýting erlendra gagnabanka; Fjarvinnustofur og fjarkennsla. Heiti ritsins, Upplýsingar eru auðlind, á að undirstrika það gildi sem upplýsingaiðjan hefur fyrir þjóðfélagið, ekki einungis menningarlega heldur einnig efnahagslega. Aðaldröfingaraðili er Þjóðustumiðstöð bókasafna, Austurströnd 12, 170 Seltjarnarnesi, sími 612130.

Safnaðarferð Laugarnessóknar

Sunnudaginn 8. júlí verður farið í safnaðarferð á vegum Laugarnessóknar í Reykjavík. Lagt verður af stað frá Laugarneskirkju kl. 10 f.h. Ekið verður í Þjórsárdal og komið við m.a. í Söguvaldabænum.

um og í Búrfelli. Á heimleið verður stutt helgistund í Mosfellskirkju í Grímsnesi. Þá verða Sólheimar í Grímsnesi sóttir heim en það er heimili fyrir þroskahefta og á það 60 ára afmæli um þessar mundir. Þátttakendur hafi með sér nesti fyrir hádegismat en í Sólheimum verður boðið upp á kaffi. Ekki er þörf á að skrá sig fyrirfram, aðeins mæta stundvíslega kl. 10 f.h. Verði ferðarinnar er stillt í hof og kostar kr. 1000. Reiknað er með heimkomu um kl. 18.

Nýr Teningur kominn út

Út er komið 9. tölublað lista- og bókmenntatímaritsins Teningur, sem Almenna bókafélagið gefur út. Að venju kennir ýmissa grasa í umfjöllun blaðsins sem spannar frásagnarlist, ljóðlist, myndlist og kvikmyndir. Af efni 9. tölublaðs má nefna áframhaldandi umfjöllun og kynningu á ungum breskum rithöfundum og dönskum ljóðskáldum. Íslenskt efni er þó mjög áberandi, sérstaklega koma ljóðskáld mikið við sögu. Má þar nefna ljóð eftir Megas, Jón Hall Stefánsson og Magnús Gezzon. Í myndlistarumfjöllun koma við sögu Kees Visser, Franz Graf og Marcel Ducamp. Áskriftarverð að Teningi er 690 kr. en verð í lausasölu 890 kr.

Tónleikar

Ásthildur Haraldsdóttir flautuleikari og Love Derwinger muna halda tónleika í sal tónlistarskólans á Akureyri, Hafnarstræti, mánudaginn 9. júlí kl. 20.30. Ásthildur og Love munu meðal annars leika tónlist eftir Fauré, Gaubert, Dutilleux og Poulenc en auk þess munu þau flytja verk fyrir tvær flautur og pianó eftir Doppler sem Kristín Guðmundsdóttir flautuleikari, gestur tónleikanna, leikur með í. Meginuppistaða tónleikanna verður frönsk tónlist fyrir flautu og pianó sem Ásthildur og Love munu leika inn á geisladisk í Svifjóð að tónleikaferðinni lokinni.

Sýningar

Sumarsýning í Reykholti

Samsýning borgfrískra myndlistarmanna, á vegum menntamálaráðuneytisins og M-hátíðarnefndar í Borgarfirði, var opnuð í Reykholti hinn 1. júlí. Sýningin stendur til 6. ágúst og verður opin daglega frá kl. 13-18. Í Borgarfirði búa og starfa margir myndlistarmenn sem oftast leita til höfuðstaðarins til að halda sýningar á afrakstri vinnu sinnar. M-hátíðarnefnd í Borgarfirði ákvað að snúa dæminu við og standa fyrir samsýningu í Reykholti. Ákveðið var að bjóða þeim myndlistarmönnum, sem starfa í héraðinu, að taka þátt í sýningunni en einnig að kalla til leiks myndlistarmenn sem tengjast Borgarfirði á ýmsan annan hátt. Þátttakendur eru alls 19 myndlistarmenn en þeir eru: Ásgerður Búadóttir, Áslaug Jónsdóttir, Bjarni Þór Bjarnason, Elin Magnúsdóttir, Elísabet Haraldsdóttir, Guttormur Jónsson, Helena Guttormsdóttir, Helga Magnúsdóttir, Hreinn Elíasson, Hrönn Eggertsdóttir, Jónína Guðnaðóttir, Kristín María Ingimarsdóttir, Magnús Tómasson, Marlies Wechner, Ólaf Erla Bjarnadóttir, Páll Guðmundsson, Sigríður Ásgeirsdóttir, Svanborg Matthíasdóttir og Vignir Jóhannesson. Í Reykholti er ágæt aðstoða til sýningarhalds og á staðnum er einnig rekið Eddu-hótel og veitingasala. Umsjónarmaður sýningarinnar er Pétur Ónundur Andrésson, kennari í Reykholti.

Andlát


Haraldur Þorsteinsson, Kleppsvegi 76, andaðist að kvöldi 3. júlí í Borgarspítalanum.

Vilhjálmur Hans Alfreð Schröder framreiðslumaður, Hringbraut 92c, Keflavík, andaðist í Landakotsspítala þann 4. júlí.

Margrét Jónsdóttir hattari, Lönguhlíð 13, lést á Elliheimilinu Grund 4. júlí.

Unnur Jónsdóttir andaðist í sjúkrahúsi Seyðisfjarðar 4. júlí.

Jarðarfarir



Trausti Sigurlaugsson, fyrrverandi formaður Sjálfsbjargar, félags fatlaðra í Reykjavík, lést þann 30. júní sl. Trausti fæddist 19. júlí 1934 á Ísafirði, sonur hjónanna Sigurlaugs Þorleifs Sigurlaugssonar og Karítasar Ingibjargar Rósinkarsdóttur. Hann hóf störf hjá Landssambandi fatlaðra árið 1969 þar vann hann

ýmis trúnaðarstörf allt til æviloka, auk þess sem hann átti sæti í fjölmörgum nefndum og ráðum á vegum landssambandsins. Hann var einn af stofnendum Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á Ísafirði og fyrsti formaður þess, og 1983-1989 gegndi hann formennsku í Sjálfsbjörgu, félagi fatlaðra í Reykjavík og nágrenni. Trausti var giftur Helgu Hermannsdóttur og áttu þau eina dóttur. Útför Trausta verður gerð frá Hallgrímskirkju í dag kl. 13.30.



Jens Hansson skipstjóri lést þann 26. júní sl. Jens fæddist á Rífi á Snæfellsnesi þann 20. okt. 1910 og voru foreldrar hans Hans Jensson og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Jens lauk námi í Stýrimannaskólanum og var skipstjóri á bátum víða um land. Einnig stundaði hann vinnu í Landssmiðjunni og Vélsmiðjunni Sindra. Jens giftist Jónínu Maríu Þorbergsdóttur og eignuðust þau fjögur börn. Útför Jens verður gerð frá Bústaðakirkju í dag kl. 14.



Benedikt G. Óskarsson, Hraunbæ 110, Reykjavík, lést 29. júní. Benedikt fæddist í Reykjavík þann 7. nóv. 1930, sonur hjónanna Bentinu Benediktsdóttur og Óskars Guðbrandssonar. Benedikt var bílamálameistari og starfaði lengst af við bílamálun. Á seinni árum starfaði hann hjá Pósti og síma á Jörva sem birgðavörður. Benedikt giftist Sigríði Hauksdóttur og eignuðust þau fjögur börn. Útför Benedikts verður gerð frá Árbæjarkirkju í dag kl. 15.

Fjölmiðlar

Umkvörtun og afskiptasemi í beinni útsendingu

Ein er sú dagskrárgerðin sem heldur betur hefur dafnað eftir að útvarpsrekstur var gefinn frjáls hér á landi. Það eru umkvartanir og afskiptasemi hins almenna borgara af öllum sköpuðum hlutum í beinni útsendingu. „Þjóðfundur“ er settur og „þjóðarsálin“ sest á rökstóla við sjálfa sig með hjálp rauðglóandi símstóla útvarpsstöðvanna. Sá sem einu sinni hefur hlustað á þessar hamfarir hlýtur að sannfærast um það að hér sé fundin hin eina og sanna þjóðaríþrótt Íslendinga – sá Mímisbrunnur sem seint verður þurrausinn.

Að vísu skilst mér að svona þrasþættir hafi lengi verið við lýði vestan hafs og jafnvel víðar í veröldinni en ég efa samt að nokkur þjóð kvarti og kveini og relli og rifist í útvarp

til jafns við okkur.

Sennilega er skýringin á þessari taumlausu málgleði fölginn í þeirri kenningu að Íslendingar hafi aldrei haft vit né áhuga á almennum



grundvallarreglum um mannlíf. Síðfræði hefur aldrei verið okkar sterkasta hlið og mannréttindi eru hér að meira eða minna leyti orðin tóm sem við þáðum frá dönskum kóngi án þess að hafa nokkurn tíma kunnað að meta þá gjöf.

Af þessu leiðir að skoðanir Íslendinga á einstökum afmörkuðum

álitamálum mannlífsins eru einfaldlega einkatílfínningar hvers og eins án tillits til heildarinnar og án nokkurrar viðleitni til að smætta vandann til almennrar grundvallarreglu.

Þegar Íslendingar þrætta um það hvort leyfa skuli hundahald í þéttbýli eru þeir einfaldlega að greina frá því hvort þeir vilji sjálfir eigna hund. Annað kemur þeim ekki við. Það hvarflar t.d. ekki að þeim að bann við hundahaldi kunni að vera brot á mannréttindum.

Þjóð sem svona hugsar um mannlíf sitt á eftir að þrætta um alla skapaða hluti til eilíðar nóns án þess að nokkur verði nokkru nær um eðli vandans.

Kjartan Gunnar Kjartansson

LÁTTU EKKI OF MIKINN HRAÐA
VALDA ÞÉR SKAÐA!



UMFERÐAR
RÁÐ

OPIÐ!



Mánudaga – föstudaga,
9.00 – 22.00
Laugardaga, 9.00 – 14.00
Sunnudaga, 18.00 – 22.00

DV